

Fróðleikur um garðyrkju og umhverfismál í sumar

Magnús Bjarklind, framkvæmdastjóri Horticum menntafélags og fleiri sérfræðingar félagsins munu fjalla um garðyrkju og umhverfismál í pistlum sem verða birtir í Híbýlum og viðhaldi í sumar.

„Við hjá Horticum ætlum meðal annars að fjalla um öll helstu viðhalds- og umhirðuverkefni garðeigandans, svo sem trjáklippingar, aðgerðir gegn mosa, áburðargjöf, grasslátt og fleira spennandi sem fellur undir almenn verkefni garðeigandans. Einnig verður fjallað um ýmis umhverfistengd málefni,“ segir Magnús.

Horticum menntafélag hefur á undanförunum árum starfað að miðlun fróðleiks á sviði umhverfis og garðyrkju, bæði til almennings og faglærðra. Að félaginu standa sérfræðingar sem hafa víðtæka en ólíka menntun og reynslu á þessu sviði, bæði hérlendis og erlendis. Þeir hafa meðal annars starfað við Garðyrkjuskóla ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands. Hópurinn hefur undanfarin ár miðlað af

þekkingu sinni á námskeiðum sem hafa verið haldin fyrir almenning og faglærða í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands, Tækniskólann, Landbúnaðarháskólann, Mími-Símenntun og fleiri. Þá gaf félagið nýverið út, í samstarfi við Blómaval, bókina Vinnan í garðinum - handbók um garðverkin, sem er leiðbeiningarit um almenna garðvinnu fyrir almenning.

„Um þessar mundir erum við og Félag skrudgarðyrkjumeistara á Íslandi að vinna í stóru samnorrænu verkefni sem gengur út á gerð kennsluefnis og námsskrár fyrir almenna starfsmenn í garðyrkju. Megin tilgangur verkefnisins er að byggja upp sameiginlegan þekkingargrunn sem stuðst verður við, meðal annars í kennslu, í námskrárvinnu og við gerð kennsluefnis í þáttökulöndunum, það er Finnlandi, Danmörku, Norgei og Svíþjóð, en tekur jafnframt tillit til ólíkra aðstæðna í hverju landi,“ segir Magnús.

Að hans sögn er eitt helsta baráttuefni Horticum menntafélags og Félags skrudgarðyrkjumeistara að fjölga faglærðum í stétt skrudgarðyrkjumanna hér-



Magnús Bjarklind er framkvæmdastjóri Horticum menntafélags, sem hefur á undanförunum árum starfað að miðlun fróðleiks á sviði umhverfis og garðyrkju, bæði til almennings og faglærðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

lendis. „Nýliðun hefur verið alltof lítil hingað til með þeim afleiðingum að fjöldi ófaglærðra starfara að skrudgarðyrkju á landinu. Skrudgarðyrkja er löggilt iðngrein og við höfum beitt okkur fyrir því að skrudgarðyrkja verði

kennnd við almenna iðnskóla, til dæmis Tækniskólann og mögulega Verkmenntaskólann á Akureyri. Núverandi kerfi tekur inn nemendur á tveggja ára fresti og inntökuskilyrði eru einnig hamlandi sem meðal annars veldur því

að of fáir sækja námið. Að okkar áliti yrði breyting til batnaðar að taka árlega inn nemendur til dæmis við almenna iðnskóla þar sem nemendum stæði til boða að sækja nám í grunndeild viðkomandi skóla.“

-rve




Goetheanum er þekktasta verk Steiners á sviði byggingalistar.

Steiner í nýju ljósi

Sýning tileinkuð austuríska hugsuðinum Rudolf Steiner (1861-1925) stendur nú yfir Listsafni Wolfsburg í Þýskalandi.

Steiner var guðspekingur sem þróaði kenningar sem kallast mannspeki á íslensku og fjalla um tengsl manna við guðdóminn. Einn liður í kenningum Steiners er náttúruleg ræktun jarðar, en þekktastur er hann sjálfsagt fyrir uppeldisfræði undir merkjum Waldorfsstefnunnar.

Áhrif Steiners á listir, arkitektúr og samfélagið eru hins vegar til umfjöllunar á sýningunni í Wolfsburg, sem er skipt í tvo hluta: Rudolf Steiner og nútímalist og Rudolf Steiner og gullgerðarlist hversdagsleikans. Þar er meðal annars þekktasta verk Steiners á sviði byggingalistar, Goetheanum sem byggt var á árunum 1924 til 1928 og tengsl þess við cúbisma og expressjónsima skoðuð. Þá er ljósi varpað á áhrif Stein-



Sum verka Ólafs Elissonar eru talin vera undir ákveðnum áhrifum frá Steiner.

ers á síðari tíma listamenn en á meðal þeirra sem nefndir eru til sögunnar eru Ólafur Elísson, Carsten Nicolai og Joseph Beuys.

Sýningin stendur til 13. október á þessu ári.



Garðhúsgögn Stofan - Eldhúsið



Vegna hagstæðra samninga við bygginga getum við nú boðið takmarkað magn af KWA garðhúsgögnum á frábæru verði



Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við

Ein endingarbestu garðhúsgögn sem völ er á



Mikið úrval af sófum, hornsófum og sófasettum frá Italsofa á góðu verði
Italsofa
Hornsófi með bykku nautaleðri verð kr. 498.000.-
VERÐ NÚ kr. 398.000.-

20%
afsláttur

Borð hnota stækkanlegt kr. 179.000.-
Stóll, hnota með slitsterku microfíberáklæði kr. 32.000.-



40%
afsláttur



40%
afsláttur

Borð eik stækkanlegt kr. 179.000.-
Stóll, með slitsterku áklæði kr. 32.000.-

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 568 5375